

*Birtist í Morgunblaðinu, 15. nóvember 2001.*

## Brottkast og frjálst framsal aflaheimilda

Jón Steinsson

Á undanförunum árum hefur komið betur og betur í ljós hversu alvarlegt vandamál brottkast er. Myndirnar sem Sjónvarpið sýndi í síðustu viku eru einungis enn ein staðfesting þessa. Engum dylst lengur að þjóðarbúið verður af verulegum verðmætum ár hvert vegna þess að fiski er hent dauðum í hafið.

Flestir virðast vera á þeirri skoðun að brottkast sé óumflýjanlegur ókostur kvótakerfisins. En þar sem kvótakerfið er talið hafa marga mikilvæga kosti framyfir aðrar aðferðir við stjórn fiskveiða líta margir svo á að af tvennu illu sé betra að halda í kvótakerfið þrátt fyrir brottkastið. Það hefur því verið stefna stjórnvalda á síðustu misserum að berjast gegn brottkasti með því að auka eftirlit og sniða ákveðna annmarka af kvótakerfinu.

Í þeirri umræðu sem spunnist hefur á síðustu dögum um þetta mál hefur nokkuð borið á þeirri skoðun að nauðsynlegt sé að takmarka framseljanleika aflaheimilda. Brottkast virðist vera stundað af hvað mestu kappi á þeim skipum sem leigt hafa til sín dýran kvóta. Af þessum sökum eru margir á þeirri skoðun að eina leiðin til þess að sporna við brottkasti sé að úthluta skipum óframseljanlegum aflaheimildum.

Fátt er fjær sanni. Einfaldasta leiðin til þess að draga úr brottkasti er þvert á móti afnám allra takmarkana á framseljanleika aflaheimilda. Því stærri sem útgerðirnar eru þeim mun meiri hag hafa þær af því að fara vel með aflaheimildir sínar. Hvatinn til brottkasts kemur einmitt til af því að á Íslandi eru allt of margar allt of litlar útgerðir.

Litil útgerð veit að brottkastið sem hún stundar hefur óveruleg áhrif á viðgang þorsstofnsins. Af þessum sökum er hvati slíkrar útgerðar til brottkasts mun sterkari en hvati hennar til þess að vernda stofninn. Þessu er öfugt farið með stórar útgerðir. Ef til dæmis ein útgerð ætti þriðjung allra aflaheimilda í þorski myndi sú útgerð hafa mun veikari hvata til brottkasts þar er hún vissi að brottkastið sem hún stundaði hefði veruleg áhrif á viðgang þorsstofnsins. Hvatinn til brottkasts er því aðeins óumflýjanlegur fylgifiskur kvótakerfisins að svo miklu leyti sem óumflýganlegt er að kvótakerfið sé uppbyggt af mörgum litlum útgerðum.

Margir virðast fyllast óhug við þá tilhugsun að kvótinn „færist á fárra hendur“. Þetta er skiljanlegt í ljósi þess að stór hluti þjóðarinnar er þeirrar skoðunar að endurgjaldslaus úthlutun aflaheimilda sé óréttlát. Breytingar á fyrirkomulagi úthlutunar á aflaheimildum, til dæmis fyrning þeirra, ætti að ráða bót á þessum vanda. Að því gefnu að arðurinn af auðlindinni renni til þjóðarinnar er fátt sem mælir gegn því að útgerðum sé leyft að fækka og stækka. Þar sem við flytjum nánast allan okkar fisk út hefur samkeppni milli íslenskra útgerða ekkert upp á sig. Það sem mestu máli skiptir er að fiskurinn sé veiddur með sem minnstum kostnaði og að útgerðirnar hafi hvata til þess að fara vel með aflaheimildir sínar.

Vísbendingar undanfarinna missera um umfang brottkasts benda til þess að unnt sé að auka hagkvæmni í sjávarútvegi með því að leyfa útgerðum að stækka verulega. Þetta er best gert með afnámi allra takmarkana á framseljanleika aflaheimilda.

*Höfundur stundar doktorsnám í hagfræði við Harvard háskóla í Bandaríkjunum.*